

framhaldsfrest í sama skyni í 2 vikur, eða til 12. þ. m. Þann dag beiddi hann enn um framhaldsfrest til greinargerðar, og var honum synjað af stefnanda um frekari frest í málinu. Gekk atriðið undir úrskurð, og með úrskurði, uppkveðnum 19. þ. m., var frestbeiðninni synjað. Lögðu þá báðir aðiljar málið undir dóm.

Stefnandi hefur lagt fram reikning yfir hina umstefndu skuld, og eru kröfur hans í málinu í samræmi við reikninginn. Engir gallar virðast vera á málatilbúnaði stefnanda, er varða eigi frá-vísun ex officio, og þar sem stefndi lét mæta og hélt ekki uppi neinum andmælum, þykir bera að taka kröfur stefnanda að öllu leyti til greina.

Rétt þykir að ákveða, að stefndi greiði stefnanda kr. 19.800.00 í málskostnað.

Dómsorð:

Stefndi, Bogi Þórðarson f. h. Hraðfrystihúss Patreksfjarðar, greiði stefnanda, Einari Sigurðssyni f. h. Hraðfrystistöðvar Vestmannaeyja, kr. 167.750.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 6. marz 1968 til greiðsludags og kr. 19.800.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 3. febrúar 1971.

Nr. 244/1970. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Friðrik Ágúst Hjörleifssyni

(Jón Hjaltason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með

talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti, er renni í ríkissjóð, kr. 7.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns þar, sem ákveðast kr. 7.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Friðrik Ágúst Hjörleifsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 7.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmans, kr. 7.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 5. október 1970.

Mál þetta, sem dómtekið var 1. þ. m., er af ákærvaldsins hálfu höfðað með ákæru, útgefinni af saksóknara ríkisins 14. september s.l., á hendur Friðrik Ágúst Hjörleifssyni verkamanni, Grænuhlíð 7, Vestmannaeyjum:

I. Fyrir að aka sunnudagsmorguninn 26. apríl 1970 undir áhrifum áfengis bifreiðinni V 736 frá Grænuhlíð 7 sem leið liggur niður á Nausthamarsbryggju og þaðan að verkamannaskýlinu á Básaskersbryggju, þar sem lögreglan hindraði frekari akstur ákærða.

Í ákæruskjali er þetta talið varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

II. Fyrir að aka laugardaginn 18. júlí 1970, sviptur ökuréttindum, bifreiðinni V 736 frá heimili sínu við Grænuhlíð og suður Helgafellsbraut, þar sem lögreglan stöðvaði akstur hans.

Í ákæruskjali er þetta talið varða við 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga.

Í ákæruskjali er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfisvriptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði, Friðrik Ágúst Hjörleifsson, er fæddur 16. nóvember 1930 í Vestmannaeyjum, hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

1948 28/10 í Vestmannaeyjum: Sátt, 100 kr. sekt fyrir óspektir.

1951 14/10 í Vestmannaeyjum: Sátt, 200 kr. sekt fyrir óspektir og ölvun.

- 1951 27/11 í Vestmannaeyjum: Dómur: 800 kr. sekt, 800 kr. skaðabætur, fyrir brot á 217. gr. hegningarlaga og lögreglusamþykkt Vestmannaeyja.
- 1952 27/6 í Vestmannaeyjum: Sátt, 150 kr. sekt fyrir óspektir og ölvun.
- 1953 8/8 í Vestmannaeyjum: Sátt, 100 kr. sekt fyrir sama.
- 1959 6/5 í Vestmannaeyjum: Dómur: 12 daga varðhald, sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 2/11 1958, fyrir brot á áfengis-lögum og umferðarlögum.
- 1962 26/1 í Vestmannaeyjum: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1962 13/11 í Vestmannaeyjum: Kærður fyrir brot á 217. gr. hegningarlaga. Refsikrafa afturkölluð, enda greiði kærði Birni Karlssyni kr. 6.000.00 í skaðabætur.
- 1968 30/3 í Vestmannaeyjum: Áminning fyrir brot á 231. gr. hegningarlaga.
- 1970 2/2 í Vestmannaeyjum: Sátt, 25.000.00 kr. sekt fyrir brot gegn 38. gr. laga nr. 68/1956, 3. gr. laga nr. 58/1954, 12. gr. laga nr. 69/1928.

Málavextir eru þessir.

Hinn 26. apríl 1970, kl. 1120, barst lögreglunni í Vestmannaeyjum boð um, að ákærði væri að aka bifreiðinni V 736 undir áhrifum áfengis á Nausthamarsbryggju í Vestmannaeyjum. Lögreglumenn fóru að leita bifreiðarinnar og fundu hana við verkamannaskýlið á Básaskersbryggju. Bifreiðin var þá mannlaus, en vél hennar í gangi. Ákærði sat inni í verkamannaskýlinu og var áberandi ölvaður, og var hann fluttur í lögreglustöðina, þar sem Einar Guttormsson læknir tók blóðsýnishorn úr honum kl. 1207 þennan sama dag. Lögregluvarðstjóri tók skýrslu af ákærða kl. 1130 s. d., og kom þar fram, að ákærði hafði ekið bifreiðinni V 736 frá heimili sínu sem leið liggur niður á Nausthamarsbryggju og þaðan á Básaskersbryggju, þar sem hann stöðvaði bifreiðina og fór inn í verkamannaskýlið. Jafnframt viðurkenndi ákærði fyrir varðstjóra, að hann hefði drukkið blöndu af áfengi (Vodka) þennan morgun kl. 1100, og er ákærði kom fyrir sakadóm Vestmannaeyja hinn 11. júní s.l., kvaðst hann hafa fundið lítið eitt til áfengisáhrifa við aksturinn.

Í áðurgreindu réttarhaldi hinn 11. júní s.l. var ákærði sviptur ökuleyfi til bráðabirgða. Hinn 18. júlí stöðvaði lögreglan í Vestmannaeyjum bifreiðina V 736 á Ásavegi hér í bæ, en ákærði var þá við stjórn hennar. Fyrir sakadómi Vestmannaeyja hinn 23.

júlí s.l. viðurkenndi ákærði að hafa verið sér þess meðvitandi, að hann hefði verið sviptur ökuréttindum.

Blóðsýnishorn það, er tekið var úr ákærða hinn 26. apríl s.l., var sent til alkóhólákvörðunar, og fundust í því „reducerandi“ efni samsvarandi 1.40% af alkóhóli.

Af framanrituðu þykir sannað, að ákærði hafi gerzt sekur um brot þau, er í ákæruskjali greinir, og því unnið til refsingar samkvæmt þeim lagaákvæðum, er í ákæruskjali eru rétt tilgreind, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin varðhald í 20 daga.

Ákærði er samkvæmt 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 82/1969 sviptur ökuleyfi í 14 mánuði miðað við 11. júní 1970, enda falli bráðabirgðaökuleyfissvipting, er ákærði hlaut að sæta þann dag, jafnframt úr gildi.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Friðrik Ágúst Hjörleifsson, sæti varðhaldi í 20 daga.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í 14 mánuði miðað við 11. júní 1970.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.
